

Skólaráðsfundur 15. maí 2023

Fundinn sátu:

Lilja Gunnlaugsdóttir, Inga Rósa Sigurjónsdóttir, Lydía Ósk Jónasdóttir, Þ. Elenóra Jónsdóttir, Valborg Hjálmarsdóttir, Markús Máni Gröndal nemendafulltrúi, Hulda Þórey Halldórsdóttir nemendafulltrúi, Óskar G. Björnsson og Hallfríður Sverrisdóttir sem ritaði fundargerð.

Skólastjóri gaf öllum fundarmönnum merкта penna í tilefni afmælishátíðar skólans sem er á morgun 16. maí. Hann sýndi fundarmönnum einnig merкта afmælisboli sem allir nemendur og starfsmenn fá á morgun.

A-álman.

Rætt um viðhald á A-álmunni sem fram fer í sumar. Því á að vera lokið fyrir skólabyrjun í haust.

Skólapúlsinn.

Nýjustu tölur eru komnar í nemendakönnun í Skólapúlsinum. Niðurstöður sýna að allir bekkir skora mjög hátt varðandi líðan og gott samband við kennara miðað við landsmeðaltal.

Skipulagið framundan.

Næsta vika er undirlögð af skólaferðum og eftir þá viku er stutt eftir fram að gleðigöngu 31. maí og skólaslitum 1. júní.

Önnur mál.

- Fyrirspurn varðandi starfshlutfall náms- og starfsráðgjafa, en starfshlutfallið er nú 100%.
- Útlit er fyrir mikil langtímaveikindi næsta skólaár, sem skapar vandamál varðandi skipulag.